

Álagning fasteignagjalda 2008

Álagning í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A er 0,35 % ¹ af fasteignamati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur B er 1,32 % ² af fasteignamati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur C er 1,00 % ³ af fasteignamati og lóðarhlutamati.
Lóðarleiga er 0,75 % af lóðarhlutamati.
Vatnsskattur er 0,27 % af fasteignamati.
Holræsagjald er 0,25 % af fasteignamati.
Sorphreinsunargjald er 9.354 kr. á hvert flát.
Sorpeyðingargjald er 8.052 kr. á hvert flát.
Fjöldi gjalddaga er átta, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. september
Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar.
Álagning á nýjar eignir dreifst yfir eftirstandandi gjalddagamánuði, þó aldrei færri en 3 mánuði.

¹⁾ Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

²⁾ Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

³⁾ Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Upplýsingar varðandi fasteignamat, matseiningar og forsendur álagningar veitir Kristinn Ívarsson í síma 470-9068.

Upplýsingar varðandi álagningu og reglur um afslætti skatta og gjalda veitir Kristinn Á. Þorsteinsson í síma 470-9094.

Reglur

um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega.

1. gr Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr.laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2007 samanber álagningu skattstjóra 2008 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr.	1.796.607	100 %	afsláttur
	Brúttótekjur yfir	2.625.809	0 %	afsláttur

b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:

Brúttótekjur allt að kr.	2.879.178	100 %	afsláttur
Brúttótekjur yfir	3.765.078	0 %	afsláttur

Breyting á tekjuviðmiðunum milli ára skulu taka mið af hækkunum sem verða á lífeyrstryggingum hjá Tryggingastofnun Ríkisins.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 50.170.- Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

- 2.gr. Niðurfelling á fasteignaskatti miðast við þá grunnforsendu að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1. gr í samræmi við eignarhlut þeirra.
- 3.gr Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inn á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.
- 4.gr Sömu reglur gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku (75%).
- 5.gr Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal bæjarráð ákveða um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts.
- 6.gr Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur veitt fasteignamati ríkisins leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjaskattstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lúandi.
- 7.gr. Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2006 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2007. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning tekjuskatts ársins 2007 liggur endanlega fyrir í ágúst ár hvert og þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.gr.
- 8.gr. Í sértækum tilfellum er hægt að sækja um afslátt af fasteignaskatti á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofum Fjarðabyggðar. Eyðublöðin má einnig nálgast á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is. Með umsókn skal skila afriti af skattframtali ársins 2008, staðfestu af skattstjóra ásamt örorkuskírteini þegar það á við.